

HAFNARSVÆÐI (H1) OG MIÐSVÆÐI NORÐAN STRANDVEGAR (M1). TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI.

REITUR D - STRANDVEGUR 12-14.


INNGANGUR

Lóðarhafi Strandavegar 12-18 hefur óskað eftir breytingum á gildandi deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði H1 og miðsvæði norðan Strandvegar (M-1).

Tillaga að breytingu er auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í breytingunni felst:

- Minnkun lóðar á reiti D4, Strandvegi 16 til vesturs um 45 m². Lóðamörk Strandvegar 16 á reit D4 eru uppfærð.
- Nýtingarhlutfall á reit D4 verða uppfærð í skilmálatöflu.
- Skilmálatafla fyrir reit D6 Spennistöð bættist við.
- Ný lóð skráð austan við Strandveg 16, Strandvegur 16A.
- Texti í greinargerð fyrir Strandveg 12-18A breytist. Texta sem bætt er inn er auðkenndur með bláu. Texti sem fellur úr gildi er yfIRSTRIKAÐUR.



Deiliskipulag í gildi:
Hafnarsvæði (H-1) og miðsvæði norðan Strandvegar (M-1), dags. 23.7.2015, m.s.br. í mkv. 1:2000

GILDANDI DEILISKIPULAG

REITUR D - STRANDVEGUR 12-18A


D4 STRANDVEGUR 16

Nýbygging undir tengivirki. Um nýbyggingu gilda almennir byggingarskilmálar. Gert er ráð fyrir steinsteyptu húsi fyrir rofabúnað, aflspennu og tilheyrandi hjálparbúnað og aðstöðu. Framkvæmdin verður áfangaskipt. Þó þannig að byggingin verði reist í einum áfanga en spennar og rofabúnaður kemur í áföngum.

Tengivirkid er reist í tengslum við við áformaða spennuhækkun sæstrengs VM3 sem lagður verður sumarið 2013. Jafnframt er gert ráð fyrir að viðbótar sæstrengur, VM4 verði lagður á næstu árum og að samhliða þeim áfanga verði settur upp viðbótarspennir fyrir bæinn. Ekki er talin þörf á aðalskipulagsbreytingu, þar sem nýtt tengivirki liggur um 200m frá tengivirki á Skansinum sem er það stutt fjarlægð að hún greinist varf á mælikvarða í aðalskipulagi að auki verða sæstrengir lagðir á þegar röskuðu svæði, í gangstíg meðfram Strandvegi sem tengir miðbæ við Skansinn.

Aðlagá skal byggingu að landi í kring. Gert er ráð fyrir að á þaki byggingar verði útsýnispallur og bein tenging á göngustíg sem liggur meðfram Strandvegi að Skansinum.

D4 TENGIVIRKI	
Hámarksflatarmál m ²	663
Stærð lóðar m ²	663
Notkun	Lóðin er á skilgreindu hafnarsvæði. Notkun er aðstaða fyrir rofabúnað, aflspenna og tilheyrandi sæstreng
Hæð m	12
Byggingarlínur	Nákvæm staðsetning byggingarreits verður endanlega afmörkuð við gerð mæliblaðs, en taka skal mið af byggingarreit á deiliskipulagsupprætti.



Tillaga að breyttu deiliskipulagi:
Reitur D4 - Strandvegur 12-18 mkv. 1:2000

TILLAGA AÐ BREYTINGU

REITUR D - STRANDVEGUR 12-18A

D4- STRANDVEGUR 16 OG D6- STRANDVEGUR 16A

Nýbygging undir tengivirki. Um nýbyggingu gilda almennir byggingarskilmálar. Gert er ráð fyrir steinsteypu húsi fyrir rofabúnað, aflspennu og tilheyrandi hjálparbúnað og aðstöðu. Framkvæmdin verður áfangaskipt. Þó þannig að byggingin verði reist í einum áfanga en spennar og rofabúnaður kemur í áföngum.

Tengivirkid er reist í tengslum við við áformaða spennuhækkun sæstrengs VM3 sem lagður var sumarið 2013. Fyrirhugað er að leggja sæstrengi VM4 og VM5 sumarið 2025 í samræmi við gildandi kerfiáætlun. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna leiðar VM4 og VM5 var auglýst þann 28. júní 2024. Gert er ráð fyrir að strengirnir komi að landi austast í Gjáðakkafjöru verði lagðir í gegnum hraunið að spennistöð við Strandveg 16 frá suðri. Ekki er gerð grein fyrir lagnaleið strengjanna á deiliskipulagi.

Lóðamörk Strandvegs 16 færast að austurgafli tengivirkis sem er á lóðinni, við það minnkar lóðin um 45m² og verður 618m² í stað 663m². Ný lóð verður skráð við austur hlíð Strandvegs 16 með húsnúmerið 16A og byggingarreit D6. Lóð við Strandveg 16A mun ná 17 metra til austurs frá gaffli tengivirkis Landsnets við austurenda Strandvegs 16. Stærð lóðar verður 255m². D6 er ætluð nýrri spennistöð fyrir Ísfélag Vestmannaeyja og verður byggð upp að gaffli tengivirkis Landsnets og HS Veitna. Stærð nýs byggingarreits verður 255m² líkt og lóðarstækkunin, nýtingarhlutfall 1,0.

Aðlagá skal byggingu að landi í kring. Gert er ráð fyrir að á þaki byggingar verði útsýnispallur og bein tenging á göngustíg sem liggur meðfram Strandvegi að Skansinum og á það einnig við um byggingu á reit D6.

D4 TENGIVIRKI	
Hámarksflatarmál m ²	618
Stærð lóðar m ²	618
Notkun	Lóðin er á skilgreindu hafnarsvæði. Notkun er aðstaða fyrir rofabúnað, aflspenna og tilheyrandi sæstreng
Hæð m	12
Byggingarlínur	Nákvæm staðsetning byggingarreits verður endanlega afmörkuð við gerð mæliblaðs, en taka skal mið af byggingarreit á deiliskipulagsupprætti.

D6 SPENNISTÖÐ	
Hámarksflatarmál m ²	255
Stærð lóðar m ²	255
Notkun	Lóðin er á skilgreindu hafnarsvæði. Notkun er aðstaða fyrir rofabúnað, aflspenna og tilheyrandi hjálparbúnaður vegna spennistöðvar
Hæð m	7
Byggingarlínur	Nákvæm staðsetning byggingarreits verður endanlega afmörkuð við gerð mæliblaðs, en taka skal mið af byggingarreit á deiliskipulagsupprætti.

